

# Vatns- og fráveitugjöld í Þingeyjarsveit

## Gjaldskrá 2024

Gjaldskrá fyrir vatnsveitur Þingeyjarsveitar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Gjaldskrá fráveitugjalda er byggð á lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

### 1. gr.

*Vatns- og fráveitugjöld:*

Vatnsgjald	0,170 % af fasteignamati
Aukavatnsgjald	0,42 % af fasteignamati
Fráveitugjald	0,184 % af fasteignamati

### 2. gr.

*Gjalddagar vatns- og fráveitugjalds:*

Gjalddagar vatns- og fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatns og fráveitugjald með fasteignasköttum.

### 3. gr.

*Gildistaka*

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og var staðfest á fundi hennar þann 14.12.2023, er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2001 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga ásamt tilvísun í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og jafnframt fellur eldri gjaldskrá óbirt úr gildi.

Þingeyjarsveit 10. janúar 2024

  
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir  
sveitarstjóri